

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2019

frá 29. mars 2019

um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn (Hugverkaréttindi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskipti (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmætri öflun, notkun og birtingu þeirra (1).
- 2) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1128) í XVII. viðauka við samninginn:

„13. „**32016 L 0943**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskipti (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmætri öflun, notkun og birtingu þeirra (Stjtið. ESB L 157, 15.6.2016, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 1. gr. orðast hugtakið „sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ sem „EES-samningsins“.
- b) Tilvísun a-liðar 2. mgr. 1. gr. þar sem segir „rétt til tjáningarfrelsis og upplýsinga eins og hann er settur fram í sáttmálanum“ og a-liðar 5. gr. þar sem segir „réttar til tjáningarfrelsis og upplýsinga eins og sett er fram í sáttmálanum“ skal hvað EFTA-ríkin varðar orðast sem „grundvallarrétturinn til tjáningarfrelsis og upplýsinga“.
- c) Í b- og c-lið 2. mgr. 1. gr. orðast „Sambands- eða landsreglna“ sem „EES-reglna eða landsreglna“ að því er varðar EFTA-ríkin.
- d) Tilvísunin í c-lið 2. mgr. 1. gr. þar sem segir „stofnanir og aðilar Sambandsins“ orðast hvað EFTA-ríkin varðar þannig að átt sé við „EES/EFTA stofnanir og aðila“.

(1) Stjtið. ESB L 157, 15.6.2016, bls. 1.

- e) Í c-lið 2. og 3. mgr. 1. gr., 2. mgr. 3. gr. og c- og d-lið 5. gr. er með orðunum „Sambands- eða landsreglna“, „lög Sambandsins og landslög“, „lögum Sambandsins eða landslögum“ átt við „EES-reglur eða landsreglur“.
- f) Í d-lið 2. mgr. 1. gr. og c-lið 1. mgr. 3. gr. orðast „lög Sambandsins eða landslög og venjur“ sem „EES-reglur og landsreglur og venjur“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2016/943, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.